

## REGLUGERÐ

**um gildistöku framseldra reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 574/2014 um breytingu á III. viðauka og nr. 568/2014 um breytingu á V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 að því er varðar mat á nothæfi byggingarvara, sannprófun á stöðugleika þess, og fyrirmyndina sem skal nota við gerð yfirlýsingar um nothæfi byggingarvara.**

### 1. gr.

*Gildistaka tiltekinna gerða Evrópusambandsins.*

Eftirtaldar reglugerðir sem vísað er til í XXI. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, skulu öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

1. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 574/2014 frá 21. febrúar 2014 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 um fyrirmyndina sem skal nota við gerð yfirlýsingar um nothæfi byggingarvara, sem vísað er til í II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2015, frá 26. febrúar 2015. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 16/2015, 19. mars 2015, bls. 287.
2. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 568/2014 frá 18. febrúar 2014 um breytingu á V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 að því er varðar mat á nothæfi byggingarvara og sannprófun á stöðugleika þess, sem vísað er til í II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/2015, frá 26. febrúar 2015. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 16/2015, 19. mars 2015, bls. 293.

### 2. gr.

*Innleiðing tiltekinna gerða Evrópusambandsins.*

Reglugerðin er sett til innleiðingar á eftirtöldum EES-gerðum:

1. Framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 574/2014 frá 21. febrúar 2014 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 um fyrirmyndina sem skal nota við gerð yfirlýsingar um nothæfi byggingarvara.
2. Framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 568/2014 frá 18. febrúar 2014 um breytingu á V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 að því er varðar mat á nothæfi byggingarvara og sannprófun á stöðugleika þess.

### 3. gr.

*Lagastöð og gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með stöð í 5. tölul. 7. gr. laga nr. 114/2014 um byggingarvörur. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 24. apríl 2015.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Steinunn Fjóra Sigurðardóttir.*